



Starfsskýrsla
Hljóðbókasafns Íslands 2022

Allir geta lesið

EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	3
Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið	4
Skipurit	5
Innra starf	6
Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar	6
Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar	7
Stefnumótun og áherslur	8
Fjármál	9
40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins	10
Þátttaka í Bókasafnasjóði höfunda	11
Endurskoðaður samningur við Rithöfundasambandið	11
Samningar við Myndstef, félag myndhöfunda	12
Blindir og sjónskertir ánægðir með þjónustuna	12
Þjónustan við okkar fólk	13
Samráðshópur	13
Húsnæðismál	13
Millisafnalán og bókaveitan ABC	14
Máltækniáætlun	14
Hljóðstafir	15
Norrænt samstarf	15
Safnkostur	16
Útgáfa án aðgreiningar	16
Kynningarstarf	17
Lykiltölur	18
Bækur gerðar aðgengilegar 2022	18
Lánþegar	18
Útlán	20
Grunnupplýsingar	22
Lesarar 2022	23
Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu	24

Hljóðbókasafn Íslands 2023

Ábyrgðarmaður: Marín Guðrún Hrafnadóttir

Umbrot: Blek | blekhonnun.is

Prentun: Háskólaprent

Myndir: Íris Stefánsdóttir, Sigurður Bogi Sævarsson og starfsmenn safnsins.

Starfsskýrslan er aðgengileg fyrir þá sem eiga erfitt með prentað letur á www.hbs.is og í appinu HBS.

Frá forstöðumanni

Á árinu hélt safnið upp á 40 ára afmæli sitt en stofnun safnsins miðast við reglugerð um Blindrabókasafn frá 7. maí 1982. Tímamótunum var fagnað með opnu húsi og fyrirlestri um skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi í apríl, velsóttri afmælishátíð í maí og með útgáfu bæklinga með stefnu og gildum safnsins fram til ársins 2025.

Meginhlutverk safnsins er að gera efni aðgengilegt og halda úti sem bestri þjónustu fyrir lánþega safnsins og hefur safnið komið vel út úr þjónustukönnunum. Framleiðsla á bókum gekk ágætlega á árinu en þó er áhyggjuefni að bókatitlum fer heldur fækkandi á milli ára sem skýrist með hækkunum á allri aðkeyptri þjónustu, eins og rekstri tölvukerfa og hýsingu á rafrænum safnkosti. Brugðist var við með því að fara vel yfir alla gjaldaliði og óska eftir breytingu á gjaldskrá. Voru árgjöld hækkuð úr 2000 í 2500 krónur undir lok árs. Sértekjur voru einnig nokkuð hærrí en ráð var fyrir gert enda hlaut safnið styrk úr Bókasafnasjóði og tók þátt í máltækniverkefni Almennaróms.

Óskað var eftir því að kaupa hljóðbækur af útgefendum eins og fyrri ár. Hlutfall keyptra hljóðrita inn á safnið lækkaði þó frá fyrra ári og nam 14% en árið 2021 var hlutfallið 19% sem var metár.



Gæðaráð var eftt á árinu og starfar sem nokkurs konar framkvæmdaráð safnsins, fylgist með framgangi verkefna, frávikum í starfsemi og kemur með tillögur að umbótum. Í gæðaráði sitja ásamt forstöðumanni deildarstjórar safnsins, þau Hulda Pétursdóttir og Einar Hrafnsson.

Skrifað var undir þrjú mikilvæga samninga á árinu. Samningur við Rithöfundasamband Íslands var endurnýjaður og eins var skrifað undir tvo nýja samninga við Myndstef, félag myndhöfunda, um birtingu bókakápa og mynda á vef.

Áfram var unnið undir merkjum Betri vinnutíma og mæltist þetta annað ár með 36 tíma vinnuviku vel fyrir hjá starfsfólki safnsins. Í samræmi við yfirlýst markmið og fyrirmæli um markviss vinnubrögð samhliða styttingunni er lögð áhersla á rafræna þróun sem auðveldar mjög alla umsýslu. Mikil breyting hefur orðið í þá átt að gera lánþega sjálfstæðari þegar kemur að útlánum.

Marín Guðrún Hrafnisdóttir

Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið

Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þau sem ekki geta lesið prentað mál.

Hljóðbókasafn Íslands var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands. Hlutverk safnsins er skýrt í lögum og í þeim eru skilgreind meginskyldur og meginverkefni. Safnið starfar eftir reglugerð frá árinu 2013, bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972. Þá er safnið viðurkennd eining í skilningi 3. töluliðar 19. gr. a höfundalaga og er heimilt skv. 2. mgr. 19. gr. c sömu laga að nota verk og annað efni sem nýtur verndar skv. höfundalögum á þann hátt sem þar greinir.

Hljóðbókasafn Íslands fellur undir málaflokkinn 18.1 safnamál og hefur það lögbundna hlutverk að veita bókasafnsþjónustu fyrir þann hóp sem ekki getur lesið prentað mál skv. skilgreiningu ákvæða 19. gr. b – 19. gr. e í höfundalögum. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Safnið er ekki opið öllum og þurfa lánþegar að skila inn vottorði um lestrarhömlun.


Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þau sem ekki geta lesið prentað mál. Verkefni safnsins er að efla og bæta þjónustu við lestrarhamlaða einstaklinga á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarhömlun kleift að nálgast námsefni sem búið er að gera aðgengilegt. Lögð er áhersla á persónulega og góða þjónustu við lánþega.

Stærsti hópur lánþega glímir við lesblindu. Annar stærsti hópurinn eru þeir sem vegna sjúkleika geta ekki haldið á bók, fólk sem glímir við minnisglöp eða málproskaröskun og fólk með andlega fötlun. Þriðji stærsti hópurinn eru blindir og sjónskertir og er lögð sérstök áhersla á að þjónusta þann hóp sem best.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum. Þannig miðar starfsemin að því að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi til náms. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki. Þeir hópar sem nýttu safnið hlutfallslega mest árið 2022 voru blindir og sjónskertir og elsti aldurshópurinn.

Þeir hópar sem nýta safnið hlutfallslega mest eru blindir og sjónskertir og elsti aldurshópurinn.

Skipurit



Innra starf

Ár hvert eru um 400 bækur gerðar aðgengilegar á vegum safnsins sem svarar til um 23% allra bóka sem koma út á Íslandi. Áhersla er lögð á íslenskar bækur og námsefni fyrir framhaldsskólastig. Safnið er að miklu leyti rafrænt safn og mikil vinna hefur átt sér stað til að tryggja sem best öryggi gagna og safnkosts.

Innra starf miðar að því að þróa leiðir til bættrar þjónustu og mæta, eins og hægt er, ólíkum þörfum lánþega. Kapp er lagt á að tryggja varnir og fara vel með þá ábyrgð sem fylgir 19. gr. höfundalaga.

Hljóðbókasafnið er viðurkennd eining og hefur þar með fengið samþykki í lögum til þess að veita einstaklingum með sjón- eða prentleturshömlun aðgang að lestrarefni á aðgengilegu formi.

Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi, þaðan sem það þjónar öllu landinu. Á safninu eru tvær deildir; útlána- og upplýsingadeild með tvo starfsmenn og framleiðslu- og tæknideild með fjóra starfsmenn. Alls eru starfsmenn sjö að forstöðumanni meðtöldum.

Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar

Útlána- og upplýsingadeild aðstoðar lánþega í öllum samskiptum við safnið og starfsfólk tekur þátt í að þróa leiðir til bættrar þjónustu. Þjónusta deildarinnar er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál. Útlánadeild sér um allar umsóknir og fer yfir þau vottorð sem berast og er í góðu samstarfi við sérfræðinga, s.s. sérkennara og lækna. Þá sér deildin um að svara almennum erindum og fyrirspurnum í síma og með tölvupósti.

Um 9% útlána eru í gegnum geisladiskþjónustu og eldri lánþegar hringja gjarnan inn og velja sitt efni með aðstoð starfsmanns eða fá aðstoð við tæknileg vandamál. Geisladisknotkun fer þó minnkandi og einn liður í þeirri þróun er að bjóða upp á aðstoð við að nota safnið með rafrænum hætti.

Hljóðbókasafnið hlaut bestu útkomuna í samræmdri þjónustukönnun sem birt var á vef Stjórnarráðsins þann 5. mars 2021. Spurt var um heildaránægju með þjónustu, samskipti við stofnun, áreiðanleika upplýsinga, afgreiðsluhraða erinda og stafræna þjónustu. Safnið var hæst af þeim 33 ríkisstofnunum sem voru kannaðar á sama tíma en 95% notenda safnsins voru ánægðir með þjónustuna í heild, 65% mjög ánægðir og 30% frekar ánægðir.

95% notenda safnsins voru ánægðir með þjónustuna í heild, 65% mjög ánægðir og 30% frekar ánægðir.

Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar

Framleiðslu-og tæknideild annast framleiðslu á aðgengilegu efni og tryggir að viðeigandi tækni til framleiðslunnar sé notuð hverju sinni. Deildin sinnir samskiptum við þjónustuaðila tölvukerfa og sér um nauðsynlegar uppfærslur og lagfæringar á bókasafns- og dreifikerfum.

Meginhlutverk deildarinnar er að breyta prentuðu efni í aðgengilegt form og miðla þeim til blindra, sjónskertra og annarra sem glíma við prentleturshömlun.

Deildin hefur til umráða fjögur hljóðver og að jafnaði starfa um 30 lesarar á ári hjá safninu í verktakavinnu. Þá kaupir safnið einnig hljóðskrár af útgefendum og gerir þær þannig úr garði að þær henti blindum og sjónskertum. Að undirbúa bækur og ganga frá þeim eftir innlestur er mikilvægur þáttur starfseminnar, auk þess að lagfæra og yfirfara eldri bækur.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að gera fleiri hljóðbækur með texta og þá sérstaklega námsbækur, sú breyting skiptir verulegu máli fyrir lesblinda og hefur mælst vel fyrir.

Deildin ber ábyrgð á miðlun efnis til lánþega í samvinnu við þjónustuaðila safnsins í gegnum app og vefsíðu en einnig geta blindir lánþegar nálgast rafrænt efni í gegnum vefvarp Blindrafélagsins. Byggt er að miklu leyti á Oracle-gagnagrunni og sérsníðuðum eldri hugbúnaði sem veldur því miður

of tíðum rekstrartruflunum. Þessar truflanir eru kostnaðarsamar og afar bagalegar fyrir lánþega sem reiða sig á þjónustu safnsins.

Hljóðbókasafnið notar app og vefspilara frá danska systursafninu Nota og er hugbúnaðurinn aðlagður að íslenskum notendum. Danska safnið rekur öflugan hugbúnaðardeild sem hefur nýlega uppfært hugbúnaðarkerfi sín og mun Hljóðbókasafnið njóta góðs af því í gegnum samstarfssamning.

Opin kerfi annast rafrænan rekstur og á árinu var unnið að bættu öryggi gagna. Fyrirtækið sér um allar nauðsynlegar uppfærslur og samstarf þeirra við danska hljóðbókasafnið hefur gengið vel.

Það er flókið að viðhalda gömlum hugbúnaðarkerfum. Áhersla hefur því verið lögð á að einfalda og nútímavæða rafrænan rekstur safnsins. Ef áætlanir ganga eftir verða stór skref stigin í rétta átt á næstu tveimur árum og vonast er til að í lok árs 2024 verði grunnmiðlunarkerfi safnsins komin í betra horf.

Auk eigin framleiðslu kaupir safnið hljóðbækur af útgefendum og gerir þær þannig úr garði að þær henti blindum og sjónskertum.

Stefnumótun og áherslur

Á árinu var haldið áfram að vinna að stefnumótun og í byrjun árs var gefinn út bæklingurinn Stefna og framtíðarsýn Hljóðbókasafns Íslands 2022–2025 og unnin aðgerðaáætlun þar sem skráðar eru leiðir að markmiðum. Verkefnin voru unnin undir fjórum flokkum; þjónusta, tæknimál, lögbundið hlutverk og ímynd.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarna-starfsemi Hljóðbókasafns Íslands eru:

- Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja megi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.
- Að veita persónulega og góða þjónustu og framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega.
- Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar.
- Að auka samstarf.
- Góð nýting fjármuna.


Kjarninn í stefnumótuninni var að finna leiðir og lausnir til að veita framúrskarandi þjónustu og að starfsmenn sinni starfi sínu af alúð með samvinnu að leiðarljósi. Er þetta í samræmi við gildin þrjú sem starfsmenn völdu en þau eru þjónusta, alúð og samvinna. Lesa má heildarstefnuna á vef safnsins, www.hbs.is.

Gildi safnsins eru: Þjónusta, alúð og samvinna.

Fjármál

Kapp er lagt á að yfirbygging sé lítil og að fjármagn renni að mestu í kjarnastarfsemina. Rekstur safnsins hefur gengið vel og að mestu í samræmi við gildandi áætlanir.

Skiptingu rekstrargjalda má sjá á töflunni fyrir neðan en á árinu 2022 fóru 42% í laun og 39% í aðkeypta þjónustu. Þar undir eru verktakalaun til lesara, bótagreiðslur til rithöfunda, samningar við Rithöfundasamband Íslands og Myndstef, rekstur tölvukerfa og hýsing gagna. Húsnæðiskostnaður var 9% af heildarútgjöldum, þar næst komu rekstrarvörur sem voru 8% og skýrist að mestu af innkaupum á geisladiskum til þriggja ára. 2% fóru í ferðir og fundir og 1% í annan rekstrarkostnað.



Laun	42%
Aðkeypt þjónusta	39%
Húsnæði	9%
Rekstrarvörur	8%
Ferðir og fundir	2%
Rekstrarkostnaður	1%

40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins

Á árinu hélt Hljóðbókasafnið upp á 40 ára afmæli sitt en Blindrabókasafn Íslands var stofnað þann 7. maí 1982. Vinir og velunnarar safnsins fjölmenntu á afmælishátíðina sem haldin var á Digranesveginum, í húsakynnum safnsins, þann 5. maí. Góðir gestir ávörpuðu samkomuna; menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir, Sigbór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins, Øyvind Engh, forstöðumaður norska hljóðbókasafnsins NLB, Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur og Guðmundur Skúli Johnsen, formaður Félags lesblindra, auk þess sem Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður safnsins, flutti ávarp og bauð gesti velkomna. Már Gunnarsson og Iva Marín Adrichem sungu nokkur lög en Hlynur Þór Agnarsson sá um tónlist að öðru leyti.



Guðmundur Skúli Johnsen, formaður Félags lesblindra sagði frá mikilvægi Hljóðbókasafnsins fyrir lesblinda og sérstaklega hvað varðaði tækifæri til náms.



Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, og Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður safnsins, á 40 ára afmæli Hljóðbókasafnsins þann 5. maí 2022.



Már Gunnarsson og Iva Marín Adrichem skemmtu gestum á afmæli Hljóðbókasafnsins.

Á afmælisárinu var einnig sett upp sýning um Guðrúnu frá Lundi. Var henni sjónlýst fyrir blinda og sá Þórunn Hjartardóttir um sjónlýsinguna. Við opnun sýningar hélt Marín Guðrún Hrafnisdóttir, bókmenntafræðingur og langömmubarn Guðrúnar, fyrirlestur um skáldkonuna og verk hennar.

Liður í afmælisári var stefnumótun. Að lokinni vinnu við það verkefni, sem fór að mestu fram árið 2021, var gefinn út bæklingur um stefnu og framtíðarsýn safnsins til ársins 2025. Miklar breytingar hafa orðið á bókamarkaði og tekur framtíðarsýn safnsins mið af þeim.

Endurskoðaður samningur við Rithöfundasambandið

Hljóðbókasafn Íslands skrifaði þann 22. september undir endurskoðaðan samning við Rithöfundasamband Íslands um bótagreiðslur til rithöfunda vegna ritverka sem safnið gerir aðgengileg fyrir lánþega sína. Nýi samningurinn skerpir á hlutverki og skyldum safnsins með vísan í endurskoðuð höfundalög frá því í apríl 2021. Jafnframt kveður samningurinn á um að Rithöfundasambandið muni, eins og áður, annast umsjón og úthlutun bóta til allra rithöfunda og þýðenda og er aðild að sambandinu ekki nauðsynleg.

Á árinu 2022 greiddi safnið 11.270.920 krónur í bótagreiðslur til rithöfunda og 2.600.000 krónur í umsýslugjald til Rithöfundasambandsins sem sér um að koma bótagreiðslum til rithöfunda.

Þátttaka í Bókasafnasjóði höfunda

Greitt var fyrir útlán í annað skipti á árinu 2022. Reglum um greiðslur fyrir afnot efnis á bókasöfnum var breytt 2021 með þeim hætti að útlán Hljóðbókasafns Íslands eru talin með þegar kemur að úthlutun til rithöfunda úr deilisjóði bókasafna. Kostnaður vegna þessa greiðist af árlegri fjárveitingu Alþingis. Almenn ánægja er meðal höfunda og þýðenda með þessa breytingu.



Ragneiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands, og Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafnsins.

Samningar við Myndstef, félag myndhöfunda

Þann 27. september undirrituðu Hljóðbókasafn Íslands og Myndstef tvo samninga vegna birtinga mynda og bókakápa í höfundarétti. Greiðslur til Myndstefs eru ekki bundnar ákveðnum höfundum og greiddar til viðkomandi aðila, heldur er um að ræða árlega heildargreiðslu sem rennur í sjóð Myndstefs. Úr þessum sjóði eru svo greiddir styrkir til starfandi myndhöfunda á hverju ári

Blindir og sjónskertir ánægðir með þjónustuna

Í skýrslu sem Blindrafélagið lét vinna árið 2021 þar sem þjónustustig við blinda og sjónskerta var kannað kom Hljóðbókasafnið afar vel út og á árinu 2022 var unnið út frá skýrslunni og þeim niðurstöðum sem þar komu fram. Af þeim sem höfðu nýtt sér þjónustu Hljóðbókasafnsins voru 97,6% ánægðir með þjónustuna. Þeir þættir sem skiptu svarendur mestu máli voru „að nýjar bækur kæmu fljótt inn á safnið“, svo „úrval bóka á safninu“ og í þriðja lagi „að lánþegar geti óskað eftir ákveðnum bókatitlum“.

Af þeim sem höfðu nýtt sér þjónustu Hljóðbókasafnsins voru 97,6% ánægðir.



Á mynd: Aðalheiður Dögg Finnsdóttir, framkvæmdastjóri Myndstefs, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafnsins, Ragnar Th. Sigurðsson, stjórnarformaður Myndstefs, og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðilegur ráðgjafi.



Sigbór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins hvatti safnið áfram til góðra verka á 40 ára afmælishátíð þann 5. maí 2022



Þjónustan við okkar fólk

Blindrafélagið er mikilvægur bakhjarl Hljóðbókasafnsins og samstarfsaðili. Safnið tók þátt í málþinginu *Þjónustan við okkar fólk – staðan, tækifærin, framtíðin* sem fór fram á sjónverndardegi 13. október. Þar fjallaði Einar Hrafnsson, deildarstjóri framleiðslu- og tæknideildar, um það hvort bókakostur Hljóðbókasafnsins endurspegli nægilega vel þann fjölda tungumála sem talaður er í landinu. Áhersla safnsins er á íslenskar bækur en nokkurt efni er til á öðrum tungumálum og lánþegar geta fengið bækur í gegnum millisafnalán.

Samráðshópur

Nýskipaður samráðshópur kom saman í fyrsta skipti í október en hópurinn var skipaður af ráðherra menningarmála, Lilju D. Alfreðsdóttur, til næstu fjögurra ára og er Rósa María Hjörvar formaður. Samráðshópnum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi safnsins.

Húsnæðismál

Í lok árs flutti Ráðgjafar- og greiningarstöð frá Digranesvegi 5 í annað húsnæði. Við þá breytingu urðu þrjár hæðar í húsnæðinu fyrir ofan safnið tómar. Um nokkurt skeið hefur verið rætt um flutning Hljóðbókasafnsins og fyrir liggur þarfagreining á húsnæðisþörf og eins hafa verið haldnir nokkrir fundir með Framkvæmdasýslu - Ríkiseignum. Þá hefur Blindrafélagið áhuga á að fá safnið í hús Blindrafélagsins og hefur boðist til að hýsa safnið þegar ný hæð er risin í Hamrahlíðinni.



Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands, á mynd eru: Ásdís Þórðardóttir, Andrea Dan Árnadóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsson, Marín Guðrún Hrafnadóttir, Rósa María Hjörvar, Snævar Ívarsson og Oddbergur Eiríksson.

Millisafnalán og bókaveitan ABC

Norðurlöndin lána bækur sín á milli samkvæmt sérstöku samkomulagi og hefur þjónusta safnsins notið verulega góðs af þessu samstarfi, ekki síst námsmenn.

Í framhaldi af fullgildingu Marrakesh-sáttmálans er Hljóðbókasafn Íslands skilgreint sem viðurkennd eining í alþjóðlegu samstarfi um aðgengismál. Á grunni þess opnast safninu aðgangur að sameiginlegri hnattrænni bókaveitu, ABC (The Accessible Books Consortium). Þetta breytir stöðu safnsins í grundvallaratriðum þegar kemur að millisafnalánum og á árinu var tekið afar mikilvægt skref til umbóta þegar vinna hófst við að tengja safnið við þessa alþjóðlegu bókaveitu.

Töluverð vinna var lögð í að staðla bókfræðisupplýsingar safnkosts Hljóðbókasafnsins í samræmi við ABC. Þessi vinna skilaði þeim góða árangri að vorið 2023 var safnið orðið fullgildur aðili að þessari veitu.

Máltækniáætlun

Hljóðbókasafnið er ein þeirra stofnana sem taka þátt í máltækniáætlun Íslands og samningi Almennaróms (miðstöðvar um máltækni) og Samstarfs um íslenska máltækni (SÍM) um framkvæmd áætlunarinnar.

Markmið Almennaróms er að tryggja að íslenska verði jafnoki annarra tungumála í stafrænni tækni og vernda þannig íslenska tungu.

Hljóðbókasafnið tók þátt í þróun á nýjum íslenskum talgervli en verkefnið leiddu fyrirtækið Grammatek og Háskólinn í Reykjavík. Safnið sá m.a. um innlestur á margvíslegum textum sem nýttir eru til að bæta íslensku talgervilsins og var ráðgefandi í hönnun hans.

Öll máltækniögn sem hafa orðið til í máltækni-verkefninu eru hýst miðlægt til notkunar fyrir öll tæknifyrirtæki í heiminum. Þannig gaf Microsoft út nýja íslenska talgervla, sem nefnast Guðrún og Gunnar, til notkunar í flestum af sínum forritum.

Hljóðbókasafnið tekur þátt í þróun á nýjum íslenskum talgervli sem er verkefni í máltækniáætlun Íslands.



Hljóðstafir

Miðvikudaginn 12. janúar 2022 úthlutaði menntamálaráðherra 20 milljónum króna í 11 styrki úr Bókasafnasjóði. Þetta var fyrsta úthlutun sjóðsins en styrkveitingar eru í þágu íslenskra bókasafna.

Hljóðbókasafnið hlaut hæsta styrkinn, 6 milljónir króna, fyrir verkefnið Hljóðstafi. Verkefnið er smíði hugbúnaðarkerfis til að samþætta upplésið hljóð og texta í aðgengilega bók.

Undir lok árs var vinnu við smíði hugbúnaðarkerfisins Hljóðstafa að mestu lokið og kerfið komið í notkun hjá safninu. Kerfið er aðgengilegt sem opinn hugbúnaður (e. open source). Hljóðstafir munu því auðvelda öðrum söfnum að gera bækur enn aðgengilegri og afurðir hugbúnaðarins munu nýtast öllum þeim sem glíma við lestrarhömlun.



Frá fundi tæknimanna hljóðbókasafna Norðurlandanna, Hollands og Sviss sem haldinn var á Íslandi árið 2022.

Norrænt samstarf

Safnið er í sífelldri þróun í samræmi við tæknilegar framfarir, sem m.a. kallar á virka þátttöku í erlendu samstarfi, aðallega norrænu. Samstarfssöfnin hafa í sameiginlegri yfirlýsingu lýst því yfir að allir þurfi aðgang að upplýsingum og óheft tækifæri til samskipta til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Þetta er kjarninn í starfseminni, að búa til lausnir fyrir lesendur með lestrarhömlun.

Forstöðumenn systurstofnana á Norðurlöndum, auk safnsins í Sviss, hittust nokkrum sinnum á árinu, bæði á fjarfundum en einnig í Noregi og Finnlandi. Þá var Hljóðbókasafn Íslands gestgjafi á reglulegum fundi tæknimanna á vormánuðum. Helstu áhersluatriði voru framleiðslukerfi safnanna og nauðsynlegar og fyrirhugaðar uppfærslur á þeim.

Markmið samstarfsins er að skiptast á upplýsingum um stöðu og framþróun og vinna að ýmsum verkefnum, t.d. um tæknimál, samskipti við útgefendur, þjónustu við lánþega og gerð aðgengilegra bóka. Samstarf af þessum toga er ómetanlegt fyrir lítið safn eins og Hljóðbókasafnið og hefur skilað sér á fjölmörgum sviðum í bættri þjónustu og auknu hagræði.

Safnkostur

Safnið býr yfir góðum safnkosti sem í heildina telur um 11.700 titla. Framleiðsla á bókum gekk vel árið 2022 og í heildina bættust 419 titlar við safnkostinn. Á árinu voru lesnar inn 304 bækur á safninu, auk þess sem safnið keypti 44 hljóðrit af útgefendum. Millisafnalán frá sænska safninu voru 41, frá því norska 28 og 1 frá Finnlandi og 1 í gegnum ABC, alþjóðlega bókaveitu.

Mikil aukning hefur orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna og hljóðbækur eru orðnar vinsæl sölu- og markaðsvara. Það er því eðlileg þróun að safnið kaupi hljóðbækur í meira mæli en áður. Áfram verður unnið að því að kaupa fleiri bækur af útgefendum í stað þess að lesa þær inn á safninu og er vonast til að svo megi verða án þess að skerða þjónustu við lánþega.

Eitt af verkefnum ársins var að lagfæra eldri bækur sem standast ekki nútímakröfur um hljóðgæði og á næstu árum þarf að halda áfram að yfirfara og lagfæra eldra efni.

Allir þurfa aðgang að upplýsingum og óheft tækifæri til samskipta til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu.

Útgáfa án aðgreiningar

Lagaumhverfi nánustu framtíðar kallar á aðgerðir meðal útgefenda, ritstjóra, höfunda og dreifingaraðila til að leggja áherslu á útgáfu án aðgreiningar frá grunni. Norrænu söfnin hafa fylgst vel með framvindu mála og liður í því er að halda útgefendum upplýstum um hvað felst í löggjöfinni. Á árinu var haldinn fundur með Fíbút, félagi íslenskra bókaútgefenda, og unnið að ráðstefnu um útgáfu án aðgreiningar sem verður haldin í Svíþjóð 2023.



Gestir á afmælishátíð safnsins fylgjast með ræðuhöldum en blindrahundurinn Vísir lætur sér fátt um finnst.



Kynningarstarf

Hljóðbókasafn Íslands á gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Kynningarstarf er liður í því að ná til þessa hóps. Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið kynni starfsemina hjá Hringsjá – náms- og starfs-endurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga námsmenn sem eru að taka upp þráðinn að nýju.

Samstarf við skóla er mikilvægt sem og samráð við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa þegar kemur

að því að kynna starfsemina og framleiðslu námsbóka. Mikilvægt er fyrir nemendur framhaldsskóla að Hljóðbókasafnið viti sem fyrst hvaða námsbækur eigi að lesa þar sem það tekur tíma að framleiða bækur á aðgengilegu formi. Því flóknari sem bókin er, því meiri vinna er að búa hana til sem texta- og hljóðbók fyrir prentleturshamlaða.

Kynningarbréf voru send til allra lánþega safnsins sem voru að hefja framhaldsskólanám í byrjun september eins og fyrri ár.



**Okkar
bækur
tala**



Hljóðbókasafn Íslands
Bókasafn fyrir blinda, sjónskerta
og prentleturshamlaða

Kæri nemandi

Hljóðbókasafn Íslands framleiðir námsefni fyrir lánþega á framhaldsskólaaldri. Slagorð okkar er **Allir geta lesið** og þú finnur bækur safnsins á **hbs.is** eða í **HBS smáforritinu** (Appinu).

Vinsamlega hafðu hugfast að bækur safnsins eru eingöngu fyrir lánþega sem skilað hafa inn tilskildu vottorði. Dreifing á efni til annarra er brot á einkarétti höfundar skv. 3. gr. Höfundalaga. Lánþegar bera því ábyrgð á að lykilorð rati ekki til annarra.

**Gangi þér vel
með námið og
láttu okkur
vita ef þú hefur
sérstakar óskir
um bækur**

Nánari upplýsingar á hbs.is og í síma 545 4900

Lykiltölur

Bækur gerðar aðgengilegar 2022

Eigin framleiðsla	
Efni eftir íslenska höfunda	209
þar af barna- og unglingabækur	38
Þýddar bækur	139
þar af barna- og unglingabækur	19
Námsbækur	8
Alls eigin framleiðsla	304
Keyptar hljóðbækur	
Þýddar bækur	20
Eftir íslenska höfunda	24
Alls keyptar af útgefendum	44
Millisafnalán	
frá MTM, Svíþjóð	41
frá NLB, Noregi	28
frá ABC	1
frá Celia, Finnlandi	1
Alls í millisafnalánum	71
Bækur gerðar aðgengilegar 2022	419

Lánþegar

Lánþegar voru í árslok 2022 16.659 talsins og fjölgar þeim að jafnaði um 2000 á ári sé tekið mið af síðustu fimm árum. Mesta fjölgunin á sér stað í aldursflokkunum 8–15 ára og 16–20 ára enda koma flest vottorð í gegnum skólana. Þeir sem nýta sér safnið mest eru þó blindir og sjónskertir. Sá hópur fékk að láni að meðaltali um 50 titla á árinu á mann, sem í heild gerðu 81.126 útlán eða 23% allra útlána ársins 2022.

Lánþegar eru á öllum aldri og afar ólíkir en eiga það sameiginlegt að glíma við prentleturshömlun/lestrarhömlun. Til þess að fá aðgang að safninu þarf að skila inn vottorði frá lækni, sérfræðingi eða sérkennara.

Á Íslandi, sem og annars staðar, eru lesblindir stærsti einstaki lánþegahópurinn sem nýtir sér þjónustu Hljóðbókasafnsins en rannsóknir sýna að hátt í 20% einstaklinga eigi í erfiðleikum með lestur og að mikill hluti þeirra sé lesblindur.

Þeir sem nýta safnið mest eru blindir og sjónskertir. Sá hópur fékk að láni að meðaltali um 50 titla á árinu á mann.




Þjónustuástæða

Virkir lánþegar voru í lok árs 2022 samtals 16.659 sem skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:


Þjónustuástæða virkra lánþega í árslok 2022

Lesblinda	10432	63%
Veikindi og annað	4583	27%
Sjónskerðing/blinda	1644	10%
Lánþegar alls	16.659	100%



Aldur virkra lánþega

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
0-15	4659	28%
16-20	3907	23%
21-30	2484	15%
31-40	1326	8%
41-50	974	6%
51-60	723	4%
61-70	742	5%
71-80	885	5%
81-90	690	4%
91-110	269	2%
Samtals	16.659	100%



Útlán

Útlán voru alls 360.982 árið 2022. Að meðaltali tóku lánþegar 21 bók að láni það ár. Þeir hópar sem nýttu safnið hlutfallslega mest voru blindir og sjónskertir og elsti aldurshópurinn. Talningu útlána var breytt í samræmi við talningu hjá systursöfnum á Norðurlöndum um mitt ár 2021. Einnig var notkun á safni mikil Covid-árin 2020 og 2021.




Þeim sem kjósa að fá efni á geisladiskum fer fækkandi en sú þjónusta er samt nauðsynleg fyrir marga elstu lánþegana. Efni á geisladiska er útbúið með þessum brennaravélum.

Tegund útlána 2020–2022

	2020	2021	2022
Rafræn útlán	406.939	377.735	328.128
Geisladiskar	45.985	39.388	32.854
Samtals	452.924	417.123	360.982

	2020	2021	2022
Rafræn útlán	90%	91%	91%
Geisladiskar	10%	9%	9%




